



„Markviss kennsla fyrir allan bekkinn til að efla orðaforða“

Aðferðin er gagnvirk og henni er ætlað að byggja upp orðaforða með hjálp frásagnar. Efling orðaforða er eina markmiðið.

Aðferðin er sérstaklega hugsuð fyrir þá sem hafa minni orðaforða en samnemendur. Mikilvægt er að vinna upp þann orðaforða, snemma, beint, og markvisst.



Lýsing á inngripi

- **Tímalengd**

Gert er ráð fyrir hálf tíma á dag í verkefnið.

Aðferðinni er beitt í að minnsta kosti 1 ár og helst í 3 ár.

- **Val á bókum**

Veljið eina bók á viku.

Veljið 24 orð úr bókinni.

Um 30 bækur eru notaðar yfir árið.

- **Val á orðum**

Tvö atriði þarf að hafa í huga:

Ekki kenna sjaldgæf eða mjög erfið orð.

Velja þarf orð sem líklegt er að börnin geti notað í eigin talmáli og í efri bekkjum grunnskólans.

Orðin þurfa að ná yfir ákveðið erfiðleikasvið.

Þar sem aðferðin er notuð fyrir allan bekkinn þurfa orðin að vera örvandi fyrir sem flesta. Einstaka orð geta þó aðeins verið örvandi fyrir suma nemendur.

Nemendurnir muna ekki öll orðin sem kennd eru.

Líklega læra börnin um 400 orð á ári. Þó svo að nemendur með lítinn orðaforða nái ekki þeim duglegri þá eru 400 orð á ári góð viðbót.



Útfærsla á inngripi yfir 5 daga tímabil

- **Dagur 1**

Bókin lesin í fyrsta skipti.

Ekki trufla lesturinn með orðskýringum, það hefur truflandi áhrif.

Lesskilningsspurningar koma að lestri loknum.

- **Dagur 2**

Lesið bókina aftur.

Kennið 8 orð.

Þegar komið er að orði sem á að læra er setningin endurtekin. Nemendur eru nú spurðir um hvað þetta ákveðna orð þýði og einföld útskýring gefin um leið.

Í lok dagsins eru setningarnar endurlesnar með orðunum sem læra á og skýringarnar látnar fylgja með.

- **Dagur 3 og 4**

Sagan er lesin aftur tvisvar. Það sama er gert og á degi tvö.

Nú eru 8 ný orð kennd hvorn daginn = 16 orð.

Þegar komið er að orði sem á að læra er setningin endurtekin.

Nemendur eru nú spurðir hvað þetta ákveðna orð þýði og einföld útskýring gefin um leið.

Í lok lestrarins eru öll orðin endurtekin.

- **Dagur 5**

Orðin eru öll endurtekin í lok vikunnar. En í þetta sinn með því að nota aðrar setningar til að gefa fjölbreytni.

Nemendur bæta þannig verulega við orðaforða sinn.

Heimild. Graves, M.F. (2006). *The Vocabulary Book: Learning and Instruction*. New York: Teachers College Press.

Þýðing: Anna Guðrún Júlíusdóttir.